

Nd.

472. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. málsg. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Við kosningar í hreppum mega þó frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.